



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN DANADROTTNINGAR

Margrét II Danadrottning hefur þekkt boð forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, um að heimsækja Ísland laugardaginn 1. desember næstkomandi og fagna með Íslendingum aldarafmæli fullveldis.

Danadrottning mun taka þátt í hinni fjölbreyttu dagskrá sem efnt verður til þann dag, meðal annars skoða sýningar í Hörpu og Listasafni Íslands, heimsækja Veröld, hús Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta, og sitja hátíðarkvöldverð forsetahjóna á Bessastöðum.

Þá mun Danadrottning sækja fullveldisdagskrá í Hörpu að kvöldi 1. desember og flytja þar ávarp.

9. nóvember 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).